

Stjórnarfundur Íslenska safnaðarins í Noregi

Formaður setur fundinn og prestur fer með bæn

Dagskrá og fundargerð 15.08.2017	
Fundarritari	Jónína M Arnórsdóttir og Björn Hallbeck
Mættir	Jónína M Arnórsdóttir, Guðbjörg Árnadóttir, Guðrún Elín Svansdóttir, Ólafur Ragnar Pálsson, Snorri Ásgeirsson, Kristján Daðason, Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, Sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir.
	Samþykkt á fundargerð
	Upplýsingar: Fundargerð óskýr, óskað eftir að hún verði gerð ýtarlegri og tekin fyrir á næsta fundi.
	Staða hjá fylkismanni
	Upplýsingar: Málið er í sama farvegi og hjá Finnska og sænska söfnuðinum. Óbreytt staða. Formaður í Norsk kirkeråd hjálpar til. Spurning hvort skírt barn sé sjálfkrafa skráð inn í kirkjuna, orðin fullorðin 15 ára í Noregi, en 18 á Íslandi. Tengsl safnaðarins við móðurkirkjuna mikilvægt atriði. Mismunun milli trúfélaga bönnuð í Noregi.
	Skráningarmál
	Upplýsingar: Meðlimir í dag 1265. Um áramótin var upphæðin sem kom frá Norska ríkinu 1.114.000 fyrir meðlimi árið 2016. Consort hefur hringt út fyrir Sænsku og Finnsku kirkjuna með góðum árangri. Sterkari staða okkar að nota sama aðila. Ragnheiður sér um að senda Consort bréf frá söfnuðinum með spurningum um m.a kostnað, persónuvernd og fleira.

	<p>Safnaðarstarf</p> <p>Upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> -12 messur fram að áramótum, 5 í Ósló auk aðventuhátíðar og Ólafíuhátíðar, 5 úti á landi, flestar í desember. -Ragnheiður fer yfir viðveru presta í Ólafíustofu og hversvegna ekki sé hægt að hafa fasta viðveru þar. Prestar séu ekki með neyðarvakt. -Ragnheiður mælir með að notað sé sparifé í fermingarferðalag, ekki komið svar frá umsókn um styrk þar að lútandi. Lilja kannar kostnað til Svíþjóðar. Ef til vill kosta börnin hluta sjálf. -Spurt um hvort búið sé að láta alla sem koma að starfi kirkjunnar vita af lækkuðum tímum og launum. Mikilvægt að allir aðilar séu látnir vita áður en starfið fer af stað - td sunnudagaskólinn. -Starfskonur í Bergen og Stavanger hafa sagt upp, ekki hægt að ráða að nýju fyrr en eftir áramót. -Barnastarf og eldri borgarar komin yfir fjárhagsáætlun. -Eldri borgarar koma áfram saman í Ólafíustofu, en án aðstoðar starfmans . -Salgæsla heldur áfram, þjónustan hefur minkað, 1 tími greiddur af kirkjunni nema ef um alvarlegt mál sé að ræða.
	<p>Staða skrifstofu</p> <p>Upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Inga er í veikindaleyfi til 22. Ágúst. Guðbjörg kannar hvert sé stéttarfélag hennar. -Engin stórinnskaup liggja fyrir á næstunni.
	<p>Fjármál</p> <p>Upplýsingar:</p> <ul style="list-style-type: none"> -9000 kr eftir fram til áramóta fyrir börnin Prestar þurfa að setja fjárhagsramma fyrir starfsfólk (ss sunnudagaskóla) og fylgjast með.

--	--

	Staða skrifstofu
	Upplýsingar: -Inga er í veikindaleyfi til 22. Ágúst. Guðbjörg kannar hvert sé stéttarfélag hennar. -Engin stórinnskaup liggja fyrir á næstunni.